

Stuðningur og styrkir við samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf

Samfélagsleg nýsköpunarstefna og innviðir

Samfélagslegt frumkvöðlastarf á Íslandi er oftast tengd samtökum og félögum í þriðja geiranum. Í kortlagningu á samfélagslegri starfsemi í Evrópu árið 2017 voru 258 félög á Íslandi flokkuð sem samfélagsdrifin félög með 1488 starfsmenn (EU 2020).

Umræða um samfélagsleg nýsköpun hefur aukist síðustu ár. Samfélagslegi nýsköpunarhraðall [Snjallræði](#) fór af stað 2018, [Vaxandi](#) miðstöð samfélagslegrar nýsköpunar og [Almannaheill](#) samtök þriðja geirans hafa gert samkomulag við ríkið um að auka þekkingu almennings á samfélagslegri nýsköpun á Íslandi.

Stuðningur og styrkir í boði

Í kafla 6 í [Vegvísi fyrir samfélagsfrumkvöðla](#) var farið yfir hvernig má kanna mögulega leiðir í fjármögnun. Eftirfarandi er listi yfir sjóði/styrki sem geta stutt við samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf. Listi yfir tiltæka fjármuni/styrki í Evrópu er að finna í [enska hluta upplýsingasíðunnar](#). Sjá [yfirlit yfir styrki](#) sem Ísland hefur aðgang að í gegnum Evrópska Efnahagssvæðið.

Yfirlit yfir sjóði og styrki

Sjóðir og tenglar	Markhópur	Umsóknafrestir
Samantekt um fjármögnun á Íslandi	Fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir, vísindamenn og frumkvöðlar	Fer eftir sjóðum
Nýsköpunarsjóður námsmanna	Ráða háskólanema í sumarstörf	14. febrúar
Tækniþróunarsjóður	Fyrirtæki	
Sproti , Sprettur og Markaðsstyrkur	Frumkvöðlar og nýsköpunarfyrirtæki	um miðjan mars og september.
Fyrirtækjastyrkur Fræ/Þróunarfræ	Fyrirtæki yngri en 5 ára og frumkvöðlar	Opið allt árið
Einkaleyfastyrkur	Til að sækja um einkaleyfi	Opið allt árið
Innviðasjóður	Háskólar, fyrirtæki og rannsóknastofnanir	Nóvember

Jafnréttissjóður Íslands		Apríl
Samstarfssjóður við atvinnulíf um Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	Fyrirtæki og félög sem vinna að nýsköpun þróunarstarfi tengdri Heimsmarkmiðunum.	Febrúar
Fræðslusjóður – nýsköpunar og þróunarverkefni	styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.	Apríl
Æskulýðssjóður	æskulýðsfélög og æskulýðssamtök	15. febrúar og 15. október
Matvælasjóður	Nýsköpun við vinnslu matvæla	Júní
Markáætlun í tungu og tækni	Háskólar, fyrirtæki og rannsóknastofnanir	28. apríl 2022
Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku	Bókaútgefendur	Opið allt árið
Kvikmyndasjóður	Framleiðendur	Opið allt árið
Sóknaáætlanir landshluta	Frumkvöðlar, fyrirtæki, félög og stofnanir	Misjafnt oftast í október
Sóknarstyrkir til að undirbúa umsókn í alþjóðlega sjóði	Fyrirtæki, vísindamenn og stofnanir	Október
Uppbyggingarsjóður EES	Ísland sem stuðningsaðili, hægt að skrá sig sem samstarfsaðila	Margir
Erasmusplus menntaáætlun	Skólar, fyrirtæki, félög og stofnanir	Fer eftir undiráætlunum
Nordplus Norðurlönd menntasamstarf	Skólar, fyrirtæki, félög og stofnanir	Fer eftir undiráætlunum
NORA	Samstarf Norðuratlantshafsríkja með áherslu á sjálfbærni og velferð	Næst í október
Creative Europe , Kvikmynda- og menningaráætlun Evrópusambandsins	Undiráætlanir: MEDIA – CULTURE – CROSS SECTORAL	Fer eftir undiráætlunum
Horizon Europe Rannsóknaráætlun Evrópusambandsins	Öll fræðasvið, samstarfsnet og aukin gæði rannsóknastarfs í Evrópu.	Fjölmargir flokkar og umsóknafrestir.